

1. fundur skólanefndar vegna Flúðaskóla árið 2015, haldinn 29. janúar 2015 í Flúðaskóla, kl. 14.00. 3. fundur kjörtímabilsins 2014 – 2018.

Mætt til fundar: Helgi Jóhannesson, formaður, Vigdís Furuseth (varamaður Jóns Bjarnasonar), Bjarney Vignisdóttir sem ritaði fundargerð, Guðrún Pétursdóttir skólastjóri, Sjöfn Sigurðardóttir, fulltrúi kennara, Anna Þórný Sigfúsdóttir (varamaður Ásmundar Lárussonar), Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Jóhanna Lilja Arnardóttir, aðstoðarskólastjóri og Erla Björg Arnardóttir, fulltrúi foreldra, Ingvar Hjálmarsson mætti ekki.

Dagskrá:

1. Skýrsla skólastjóra.
2. Vinnumat kennara.
3. Vetrarfrí, könnun meðal foreldra.
4. Skólastefna, erindi til sveitarstjórnar.
5. Önnur mál.

Formaður setti fundinn og bauð viðstadda velkomna.

Gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla skólastjóra

- Nóg hefur verið um að vera frá síðasta fundi en hér verður stiklað á stóru um það sem á daga okkar hefur drifið.
- Dagur íslenskrar tungu var haldinn hátíðlegur mánudaginn 17. nóvember með glæsilegri dagskrá tileinkaðri Fjalla-Eyvindi og Höllu. Skólinn var opinn fyrir gesti og gangandi og töluverður fjöldi mætti til okkar og naut dagskrárinnar með okkur.
- Boðið var upp á „Skáld í skólum“ eins og undanfarin ár og var Þjórsárskóli með okkur eins og áður. Í þetta sinn komu Kristín Svava Tómasdóttir og Vilhelm Anton Jónsson með „Tilraunir með orð og efni“ fyrir 1. – 6. bekk og Bryndís Björgvinsdóttir og Davíð Stefánsson með „Hvernig kvikna sögur?“ fyrir 7. – 10. bekk.
- Í byrjun desember bauð Foreldrafélag Flúðaskóla og Undralands, yngstu nemendum Flúðaskóla og leikskólanemendum, upp á leiksýninguna „Smiður jólasveinanna.
- Opinn skóli var 8. – 12. desember þar sem foreldrum var boðið í heimsókn til að taka virkan þátt í skólastarfinu. Foreldrar gátu valið að koma sem kennari, stuðningsfulltrúi eða gæslumanneskja í frímínútum. Nokkrir foreldrar nýttu sér þetta tækifæri en við hefðum gjarnan viljað sjá fleiri og bindum vonir við að fleiri sjái sér fært að koma til okkar næst þegar við gerum þetta sem verður líklega þegar fer að vora.

- Faggreinaval er nýjung sem við fórum af stað með síðasta vetur til að auka val nemenda í unglingadeild. Faggreinaval tengist eftirfarandi námsgreinum: íslensku, náttúrufræði, samfélagsfræði, stærðfræði og ensku. Sett eru upp 6 vikna námskeið þar sem nemendur geta valið um margvísleg verkefni sem tengjast þessum greinum. Nemendum gafst kostur á að koma með hugmyndir um hvað ætti að bjóða uppá í þessu vali og var tekið tillit til þeirra hugmynda. Með þessum hætti getum við betur komið til móts við nemendur og stuðlað lýðræði í skólasterfinu.
- Sú nýbreytni var á haustdögum að eldri borgurum var boðið uppá tölvukennslu og sáu nemendur í 10. bekk um kennsluna. Þetta var sérstaklega skemmtilegt verkefni og vonandi getum við endurtekið þetta næsta haust því svona samstarf á milli kynslóða er mikilvægt. Vart mátti á milli sjá hvor aldurshópurinn hafði meira gaman og gagn af þessu samstarfi.
- Jóhann Breiðfjörð hjá nýsköpun.net kom í heimsókn til okkar um miðjan janúar og bauð nemendum í 1. – 7. bekk upp á tæknilegónámskeið. Hver hópur fékk 80 mínútur til að prófa sig áfram og vinna með tæknilegíð.
- Niðurstöður úr samræmdum könnunarprófum í 4., 7. samanborið við landið allt og Suðurkjördæmi.

4. bekkur	Íslenska (11 nem)	Stærðfræði (12 nem)
Flúðaskóli	5,6	6,6
Suðurkjördæmi	5,8	6,3
Landið allt	5,8	6,2

7. bekkur	Íslenska (5 nem)	Stærðfræði (5 nem)
Flúðaskóli	6,2	6,4
Suðurkjördæmi	5,7	6,4
Landið allt	5,9	6,6

- Hæfniseinkunnir úr samræmdum könnunarprófum í 10. bekk samanborið við landið allt og Suðurkjördæmi.


Íslenska	A	B	C	D
Flúðaskóli (15)	0%	47%	53%	0%
Suðurkjördæmi	5%	40%	37%	11%
Landið allt	7%	49%	33%	5%

Stærðfræði	A	B	C	D
Flúðaskóli (15)	0%	30,8%	61,5%	7,7%
Suðurkjördæmi	4%	40%	33%	16%
Landið allt	7%	47%	30%	10%

Enska	A	B	C	D
Flúðaskóli (13)	0%	40%	47%	13%
Suðurkjördæmi	3%	49%	30%	11%
Landið allt	6%	56%	27%	7%

- Niðurstöður úr samræmdum prófum eru notaðar til þess að skoða hvað má betur fara hjá hverjum og einum einstaklingi. Meðaltöl gefa oft villandi upplýsingar þar sem það þarf ekki nema einn eða tvo nemendur með lága einkunn til að draga meðaltalið niður, þegar um svo litla hópa er að ræða eins og hjá okkur. Hins vegar kemur fátt á óvart þegar niðurstöður eru skoðaðar eftir einstaklingum, því vel er fylgst með hverjum og einum nemanda.
- Viðhorfskönnun var gerð meðal foreldra, nú í janúar, þar sem spurt var um vetrarfrí og réttarfrí. Póstur var sendur á 205 netföng aðstandenda nemenda, 73 svöruðu eða 36% forráðamanna sem eru með skráð netföng í Mentor.

Finnst þér að það ætti að vera vetrarfrí og þá hvenær?



Hrunaréttir og Skaftholtsréttir eru ávallt haldnar á föstudegi. Finnst þér rétt að fella niður skólahald á réttardaginn?



- Kolbrún Haraldsdóttir deildarstjóri er að vinna að sameiginlegri lestrarstefnu fyrir Undraland og Flúðaskóla, það verður afrakstur lokaverkefnis hennar til meistarárgráðu í sérkennslufræðum frá Menntavísindadeild HÍ, næsta haust.
- Vinnumat vegna kjarasamnings kennara er í vinnslu hjá nefnd sem skipuð var um málið. Kennarar Flúðaskóla fóru á kynningarfund sem haldinn var á Selfossi fyrir áramót og síðan var umræðufundur hjá kennurum Flúðaskóla um tillögu að vinnumati. Kennarar gátu sent inn athugasemdir við tillöguna til 15. janúar og nú er vinnumatsnefndin að leggja lokahönd á vinnumatsplaggið sem lagt verður fram til atkvæðagreiðslu þann 15. febrúar. Hægt er að kynna sér vinnumatið á vefsíðu verkefnisins vinnumat.is.
- Nú um þessar mundir stendur yfir vinna við símenntunaráætlun og innleiðingu markmiða sem fram koma í skólastefnu sveitarfélagsins og Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls í samvinnu við leikskólastjóra Undralands. Í skólastefnunum er gert ráð fyrir aukinni samvinnu skólastiga sem okkur finnst spennandi verkefni til að takast á við og höfum við Halldóra leikskólastjóri þegar haldið einn fund um málið sem markaði upphafið að þessari stefnumótunavinnu.

2. Vinnumat kennara.

Rætt var um nýtt vinnumat kennara. Hægt er að kynna sér vinnumatið á vinnumat.is.

3. Vetrafri, könnun meðal foreldra.

Kynnt var niðurstaða könnunar sem gerð var meðal foreldra til að kanna hug þeirra til vetrarfri. Niðurstöður könnunarinnar voru þannig að meirihluti foreldra vildu hafa vetrarfri á vorönn eða 47,2%, 27,2% vildu ekki að vetrarfri ættu að vera í skólanum, 13,9% vildu hafa vetrarfri á haustönn og 11,1% vildu hafa vetrarfri á báðum önnum.

4. Skólastefna, erindi til sveitarstjórnar.

Í Flúðaskóla og Leikskólanum Undralandi er hafinn undirbúningur að innleiðingu nýrrar skólastefnu sveitarfélagsins. Skólanefnd leggur til að sveitarstjórn geri slíkt hið sama, þ.e. í þeim þáttum skólastefnu er snúa beint að sveitarstjórn.

5. Önnur mál.

- Skólalapsinn:** Guðrún Pétursdóttir sagði frá því að gerður hafi verið samningur við Skólalapsinn um framkvæmd kannana fyrir skólann sem er hluti af sjálfsmati skólans.

Fleira ekki gert. Fundargerð lesin yfir og samþykkt.

Fundi slitið kl 14:40

